

Reykjavíkur vegna skipverja á b/v Þorsteini Ingólfs-
syni, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 900.00 í málskostnað inn-
an 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför
að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1956.

Nr. 6/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags
Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Skipa-
útgerðar ríkisins** (Barði Friðriksson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Siglingar: Ágreiningur um kaup vegna helgi- og tyllidaga.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 29.
febrúar þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafé-
lags Reykjavíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Skipaútgerðar ríkisins.

Stefnandi gerir þær kröfur, að dæmt verði, að hátíðis- og
helgidagar þjóðkirkjunnar (aðrir en sunnudagar) og um-
samdir tyllidagar samkv. 13. gr. og 2. gr. farmannasamnings,
dags. 11. júní 1955, skuli ekki teljast með í þeim fjórum fri-
dögum, sem um getur í upphafi nefndrar 13. gr., þótt þessa
daga beri upp á sunnudag. Þá krefst stefnandi málskostn-
aðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostn-
aðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í upphafi 13. gr. farmannasamnings, dags. 11. júní 1955,
milli aðilja máls þessa segir svo:

„Hásetar skulu fá frí annan hvorn dag, meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annarri heimahöfn og enn fremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar, en hins vegar ekki aðrir hátíðis- né helgidagar þjóðkirkjunnar né umsamdir tyllidagar.“

Samkvæmt 2. gr. sama samnings teljast 1. maí, 17. júní og sumardagurinn fyrsti til helgidaga.

Þá segir enn í nefndri 13. gr.:

„Nú er ekki unnt að veita þessa frídaga að fullu á árinu eða áður en skipverji fer úr skiprúmi, og skal þá við árslok eða brottför greiða þá daga, sem á vantar með $\frac{1}{30}$ af mánaðarkaupi.“

Á síðastliðnu ári stóð svo á, að jóladag bar upp á sunnudag og þá að sjálfsgöðu einnig s.l. nýársdag.

Stefnandi heldur því nú fram, að þar sem svo stóð á, hafi skipverjar átt að fá sérstaka þóknun samkvæmt ákvæðum 13. gr. nefnds samnings, er þeir þannig misstu af þeirri greiðslu fyrir nefnda hátíðisdaga, sem þeir ella hefðu getað fengið, ef þá hefði borið upp á aðra daga vikunnar. Hefur hann þeirri skoðun sinni til stuðnings m. a. haldið því fram, að samhljóða farmannasamningar hafi undanfarin ár verið framkvæmdir með þeim hætti, að hásetar hafi fengið sérstaka greiðslu fyrir Páskadaga og Hvítasunnudaga og sýni þetta glögglega hvernig skilja beri umdeild samningsákvæði.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda og telur hann, að engin greiðsla eigi að koma fyrir þá hátíðis- og tyllidaga, sem ber upp á sunnudag. Hefur hann neitað því, að auka kaupgreiðslur hafi verið inntar af hendi til háseta, er umdeilda hátíðis- og tyllidaga bar upp á sunnudag, enda hafi það aldrei verið tilætlunin.

Framangreind ákvæði 13. gr. farmannasamningsins frá 11. júlí 1955 þykja ekki verða skýrð á þann veg, að þau feli í sér skyldu fyrir stefnda til þess að greiða hásetum sérstaka hátíða- eða tyllidagaþóknun þótt slíka daga bæri upp á sunnudag. Það er heldur ekki vitað, að slík regla tíðkist hér á landi í samskiptum launþega og vinnuveitenda. Hefði því verið ástæða til þess, að það hefði komið skýrt fram í samnings-

gerð aðilja, ef tilætlun þeirra hefði verið að fara inn á nýja braut í þessum efnun. Af því sem fram hefur komið um viðræður aðilja, er samningur var gerður, er ljóst, að þá hefur greint á um þetta atriði, er samið var, og bendir ekkert til þess, að stefndi hafi við þá samningsgerð fallizt á sjónarmið stefnanda um þessa umdeildu fridagagreiðslu. Og að því er varðar framkvæmd þessa atriðis áður en núgildandi samningur var gerður, þá hafa ekki verið færðar sönnur á, að samningsákvæðinu um kaup fyrir hátíðis- og tyllidaga svo sem Páska, Hvítasunnu og 1. maí, hafi verið beitt á þá lund, sem stefnandi heldur fram.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Skipaútgerðar ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 900.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Mál þetta er risið út af ágreiningi um það, hvernig skilja beri 13. gr. og 2. gr. farmannasamnings þess, er Sjómannafélag Reykjavíkur og Vinnuveitendasamband Íslands o. fl. gerðu með sér þann 11. júní 1955, en í upphafi 13. gr. samnings þessa segir svo:

„Hásetar skulu fá frí annan hvern dag, meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn, eða annari heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar, en hinsvegar ekki aðrir hátíðis- og helgidagar þjóðkirkjunnar né umsamdir tyllidagar.“

Ég lít svo á, að orðalag 13. gr. „en hins vegar ekki aðrir hátíðis- og helgidagar þjóðkirkjunnar né umsamdir tyllidagar“ verði á engan veg réttlégar skýrt en þann, að daga eins og jóladaga og aðra stórhátíðadaga svo og umsamda tyllilega beri ekki að fella inn í

4-daga frið og skipti í því sambandi engu máli, hvaða daga vikunnar hátíðis- og tyllidaga þessa ber upp á.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi haldið því ákveðið fram, að samhljóða farmannasamningur og hér er deilt um skilning á, hafi verið framkvæmdar með þeim hætti, að hásetar hafi t. d. fengið sérstaka greiðslu fyrir páskadag og hvítasunnudag, enda þótt þeir stórhátíðisdagar séu ávallt á sunnudegi, og hefur stefndi ekki getað fært sönnur á að slík framkvæmd hafi ekki átt sér stað.

Af framansögðu er ég með öllu ósammála skýringu meirihluta dómsins á nefndri 13. gr. farmannasamningsins og tel, að taka beri kröfur stefnanda máls þessa til greina í öllum atriðum.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Skipaútgerðar ríkisins, ber að framkvæma farmannasamninginn frá 11. júní 1955 samkvæmt 13. gr. og 2. gr. hans á þann veg, að hátíðis- og helgidagar Þjóðkirkjunnar (aðrir en einhliða sunnudagar) og umsamdir tyllidagar, skulu ekki teljast með þeim fjórum fríðögum, sem um getur í áðurnefndri 13. gr., þó að daga þessa beri upp á sunnudag.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, kr. 900.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.